

Minniblað frá kynningarfundi um nýja veglínu um Mýrdal.

Á fundi skipulags- og byggingarnefndar sem haldinn var 8. desember s.l. var farið yfir þær athugasemdir sem bárust vegna draga að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028. Ein af þeim athugasemdum sem þar komu oftast fyrir frá hluta landeigenda á því svæði sem væntanlegur vegur fer um, var að ekki hefði verið haft nægjanlegt samráð við landeigendur og eins að óljóst væri í þeim gögnum sem fyrir lægju yfir hvaða lönd eða landskíka vegurinn færi.

Til að bregðast við þessu ákvað skipulags- og byggingarnefnd að óska eftir því að vegurinn yrði teiknaður inn á stækkaða loftmynd svo hægt væri að sjá þetta betur. Jafnframt var ákveðið að boða til kynningarfundar með landeigendum þar sem farið yrði yfir þessi gögn.

Ákveðið var þó að bíða með fundinn þar til sveitarstjórn hefði afgreitt aðalskipulagið, en það var gert á fundi sveitarstjórnar 15. desember s.l. Talið var vænlegra að boða til fundarins strax eftir áramót frekar en að reyna að boða til hans um hátíðirnar.

Fundurinn var boðaður með hefðbundnum hætti hér í Vík, þ.e. með auglýsingu í Vitanum og með auglýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins. Til fundarins mættu um 20 manns. Í upphafi fundarins fór sveitarstjóri yfir þau gögn sem fyrir lágu og kynnti þau. Guðni Einarsson bað þá um orðið og las upp tilkynningu frá hluta landeigenda í Mýrdalshreppi, þar sem því er lýst yfir að ekki sé vilji til að taka þátt í þessum fundi þar sem um sýndarmennsku sé að ræða af hálfu nefndarinnar og yfirgaf hann svo fundinn.

Eins og áður segir var tilgangur fundarins að kynna landeigendum eins nákvæmlega og hægt er hvernig fyrirhuguð veglína sker einstaka landareignir og eins fá fram greinargóðar upplýsingar um það hver landnotkunin er á hverju svæði. Þar sem nokkur hluti landeigenda mætti ekki til fundarins var gagnsemi hans minni en vonast var til.

Þeir landeigendur sem mættir voru til fundarins voru almennt á þeirri skoðun að heppilegra væri að vegurinn yrði lagður um bakka Dyrhólaóss heldur enn inn á ræktarlandi. Einnig var upplýst að það landssvæði sem merkt er ??? á milli Fjós og Presthúsa 1 tilheyrir Vatnsskarðshólum og að það sem merkt er ?? og er vestan við Neðri-Dal tilheyrir Kaldrananesi.

Ásgeir Magnússon